
Kirkjuþing 2022-23.

Umsögn við 8. mál. Tillaga að starfsreglum um fasteignir þjóðkirkjunnar.

8. málinu er í heild sinni mótmælt harðlega. Kirkjuþingsfulltrúar eru beðnir um að kynna sér vandlega hvaða áhrif málið, nái það fram að ganga, muni hafa í för með sér fyrir kirkju og kristni í landinu.

ATHUGASEMDIR VIÐ EINSTAKA GREINAR

1. gr.

Ef prestssetur er einungis íbúðarhús ásamt hæfilegri lóð, hver á að sjá um jarðirnar? Það er gerð alvarleg athugasemd við það að lögfræðingar eða aðrir starfsmenn í miðlægri stoðþjónustu í Reykjavík taki við því að sjá um jarðirnar. Því er mótmælt að gengið sé alfarið fram hjá prestum sem hafa haft umsjón, umráð og vörslu kirkjujarða og hlunninda þeirra um aldir.

2. gr.

Það er gerð alvarleg athugasemd við það að kirkjuþing framselji það umboð að ákvarða leigugjald/afgjald til reksratarstofu. Það er einmitt ábyrgðarhlutur kirkjuþings að ganga fram með samngirmi en ekki græðgi þegar kemur að því að ákvarða leigugjald fyrir prestssetur.

4. gr.

Í þessari grein er framkvæmdarnefnd sett í hlutverk leyfisveitenda. Vakin er athygli á því að hlutverk framkvæmdanefndar samkvæmt erindisbréfi er að hafa eftirlit með því að ákvörðunum og áætlunum kirkjuþings sé framfylgt en ekki að taka þær ákvarðanir.

5. gr.

Gerð er **alvarleg athugasemd** við það að prestar á prestssetrum sé gert að greiða markaðsleigu fyrir prestsbústaði. Hér er á ferðinni grundvallar misskilningur og algjör vanþekking á nýtingu prestseturs sem þjónustuhúss samhliða heimili prests og fjölskyldu hans. Flutningsfólk og kirkjuþingsfólk er hvatt til þess að kynna sér notkun prestsetra og hlutverk þeirra í heimabyggingum/héraði.

Í þessari grein er einnig gert ráð fyrir að kostnaður sem hlýst af innheimtu leigugjalds falli á presta. Það á að fara í kostnaðarsama breytingu með bankarukkun í stað þess fyrirkomulags sem kostar ekkert, þar sem leigan er dregin af launum presta. Því fylgir óverulegur kostnaður við vinnu á launaskrifstofu.

Hér er gert ráð fyrir mörg hundruð prósentu hækkun á húsaleigu sem er alvarleg aðför að kjörum presta á prestssetrum. Minnt er á að með kirkjujarðasamkomulaginu frá árinu 1998 fylgdi prestssetrum meðgjöf upp á tugi miljóna (uppreiknað um 122 milj. pr. ár fyrir prestssetrin).

Dæmi um markaðsleigu miðað við algenga stærð á prestsbústöðum:

Dæmi:

300fm x 1000kr = 300.000 kr

200fm x 1200 kr = **240.000 kr**

250fm x 1500kr = 375.000 kr

300fm x 2000kr = **600.000 kr**

6.gr.

Þetta er illa orðuð og óskýr grein! Ekki er tekið fram HVER skuli gæta hagsmuna þeirra eigna sem hér er getið. Hingað til hefur verið um að ræða samvinnuverkefna presta á prestssetrum og lögfræðinga/verkefnastjóra í stoðþjónustu. Prestar eru ekki verr til þess fallnir að fara með umráð og umsjón prestssetra en hver annar, vígður eða óvígður sem vinnur á miðlægri skrifstofu í Reykjavík. Það er bæði kostnaðarsamt fjárhagslega (laun) og loftlagslega (akstur) að hagsmuna sé aðeins gætt úr Reykjavík. Það er kveðið á um það í starfsreglum um presta að prestar sjái um hagsmunagæslu prestssetra. Í starfsreglum um prófasta er kveðið á um að prestssetrin lúta tilsjón í visitasíum. Ekki er í þessari grein getið um ábúðarlög sem eiga þó við í einhverjum þeim tilfellum þar sem prestar sitja prestssetur (jörð og hús) og gæta þessara eigna fyrir kirkju og komandi kynslóðir.

7.gr.

ATH! MJÖG VEL!!! Ábyrgð og ákvörðunarvald tekin af kirkjuþingi! Hér er kirkjuþingi gert að gefa heimild fyrir sölu en **framkvæmdarnefnd geti vikið frá því!** Ekki er settur fyrirvari um að það sé undantekning heldur hvenær sem framkvæmdarnefnd vill getur hún vikið frá heimildum Kirkjuþings. Þetta er í hæsta máta mjög óhollt. (ATH! Málið er flutt af framkvæmdarnefnd) Það verður því að ítrekað hér að framkvæmdarnefnd hefur á hendi eftirlitshlutverk, svo ákvörðunum kirkjuþings sé framfylgt. Framkvæmdarnefnd samkv. erindisbréfi ber ekki að taka þá ábyrgð af kirkjuþingi er varðar ákvarðanatöku. Heldur einmitt að gæta þess að ákvörðunum, áætlunum og stefnum kirkjuþings sé fylgt.

8.gr.

Hér er getið þeirra leigusamninga sem nú þegar eru í gildi, hvort heldur sem eru skriflegir eða munnlegir. Ætla kirkjan sér ekki að standa við núgildandi samninga? Hér er aftur gert ráð fyrir að kirkjujörðunum sé sinnt af starfsfólki í Reykjavík en ekki af prestum í heimabyggð. **Það fylgir ekki kostnaðaráætlun með þessari breytingu! Hér fellur til launa- og ferðakostnaður.**

9.gr.

Hér er gerð sú breyting að gert er ráð fyrir að djáknar geti leigt prestssetur og þá leiðir af því ákveðið hefðarrof eða guðfræðileg breyting. Er gert ráð fyrir að djáknar þjóni sem prestar í prestaköllum? Þetta varðar hina evangelísku-lúthersku kenningu sem ekki hefur fengið umræðu á prestastefnu eins og starfsreglur kveða á um.

10.gr.

Hér er á lúmskan hátt lagt til að leggja niður biskupssetur Biskups Íslands án umræðu (sjá einnig sölulista sem er beiðni framkvæmdarnefndar um söluheimild á sama þingi).

Er alveg ljóst að þessi prestssetur dugi til að halda úti þjónustu víðsvegar um landið eins og lög gera ráð fyrir? Er búið að hafa samband við sóknarnefndarfólk víðsvegar um landið og ráðfæra sig við það, spyrja það álits? Málið hefur ekki verið sent í hérað til umsagnar, þ.e fengið umfjöllun á héraðsfundum.

Bent er á í þessu sambandi að í könnun sem gerð var, var um 80% sóknarnefndarfólks, presta og starfsfólks kirkna sem vildi að prestar myndu búa í því samfélagi sem þeir þjóna og að hluti af vinnutíma presta fari í að tengjast samfélaginu. Kirkjuþing. (2022). *Skýrsla um vígða þjónustu*

UM PRESTSSETUR

HEIMILI MEÐ SKERTA FRÍÐHELGI.

Á fundi presta sem haldin var í október 2022 kom fram að prestssetur væru í öllum tilvikum **heimili með skerta friðhelgi** og gæti því aldrei verið líkt við leiguhúsnæði á almennum markaði. Prestar sem sækja um prestsembætti þar sem kirkjan leggur til prestssetur vita að hverju er gengið. Prestsstarfið er enda byggt á sterkri innri köllun til að þjóna fagnaðarerindinu; Guð og náunganum í heimi þessum.

Skrifstofa er á öllum prestsetrum og í mörgum tilfellum ekki um aðra starfsaðstöðu að ræða. Á prestssetrum er tekið við fólki í sálgæsluviðtöl og oft ekki önnur aðstaða í boði fyrir þá viðkvæmu þjónustu. Í einhverjum tilvikum fara allir fundir sókna fram á prestsetri, kórar æfa þar, barnastarf fer þar fram og fermingarfræðsla. Salernisaðstaða prestssetra er á einhverjum stöðum sú eina í nálægð við kirkjurnar og er nýtt við messur og athafnir. Prestssetrin eru enn opin fyrir messukaffi á sumum stöðum. Heimilið er því í mörgum tilvikum bæði heimili fjölskyldunnar, vinnustaður og/eða starfsaðstaða safnaðarstarfs.

Einhverjir gætu haldið að þetta sé liðin tíð, en svo er ekki og aðstæður presta gríðalega mismunandi eftir landsvæðum.

Búsetuskylda presta var afnumin án nokkurrar umræðu á kirkjuþingi. Því var haldið fram að hún hafi fallið brott með nýjum þjóðkirkjulögum árið 2021, óvart og án umræðu. Einnig er því haldið fram að búsetuskylda brjóti í bága við stjórnarskrá Íslands, stjórnarskráin breyttist þó ekkert árið 2021. Það hafa verið brotakennd og mótsagnarkennd svör sem hafa borist frá löglærðum fulltrúum. Hér skal þó ekki gerður ágreiningur um búsetuskylduna sem slíka, heldur aðeins að þegar prestar búa á prestssetri þá fylgja því skyldur og hefðir sem ekki verða afnumdar með einu pennastriki eins og búsetuskyldan.

AÐ BÚA Á PRESTSSETURSJÖRÐ.

Það að búa á prestsetursjörð krefst í öllum tilvikum vinnuframlags þeirra sem þar búa.

Í tillögunni er gert ráð fyrir því að prestar sem sitja prestsetursjarðir leigi einungis íbúðarhús ásamt hæfilegri lóð, **hver á að hugsa um jörðina?**

Tún, girðingar, skógrækt, verkefni umhverfisnefndar, **leiðsögn gesta og gangandi um svæðið, hlunnindagæsla** og allt annað tilfallandi sem við vitum að er ótal margt.

Er ódýrara að fá verktaka eða lögfræðinga í þessi verk? Er hentugt að því sé stýrt frá rekstrarstofu, eða er kannski eðlilegast og ódýrast að presturinn hafi allavega umsjón með því sjálfur?

Er eðlilegt að prestur sem leigir íbúðarhús með hæfilegri lóð á markaðsleigu, eins og lagt er til í tillögunni, sinni öllum þessum verkum í frítíma sínum? Er það framlag einmitt í samræmi við það afgjald/húsaleigu sem kirkjuþing hefur ákveðið hingað til? Í 10.gr. 1.mgr.starfsreglna um presta nr.39/2022/2023, sem samþykkt var nú í október er einmitt sérstaklega tekið fram að sóknarprestar og prestar sem sitja prestssetur skulu gæta hagsmuna prestsseturs í samstarfi við þá er stýra málefnum prestssetra.

Einhver þarf að sinna þessu til þess að viðhalda góðri umhirðu á jörðum Þjóðkirkjunnar, og til þess að hámarka arð af jörðunum.

„LÍÐIN TÍÐ“? RANGFÆRSLA Í GREINARGERÐ MEÐ MÁLINU!

Í greinargerð tillögunnar er tekið fram að lág húsaleiga á íbúðarhúsnæði í eigu opinberra aðila heyrir nú sögunni til. Undirrituð hafa kannað hvernig því er nú háttað á þeirra svæði og ljóst er að slíkt heyrir **ekki** sögunni til.

Hið opinbera og önnur fyrirtæki eru víða enn að niðurgreiða eða bjóða fram ódýrt eða ókeypis húsnæði fyrir einstaklinga sem gegna mikilvægri þjónustu á landsbyggðinni, til þess einmitt að tryggja að slík þjónusta sé í boðið fyrir alla landsmenn. Má þar telja upp lækna, hjúkrunarfræðinga, skólustjóra, deildarstjóra á leikskólum, kennara, lögreglumenn og sveitastjóra ásamt starfsfólki fyrirtækja á svæðunum. Slíkt er gert til þess að tryggja þjónustu.

Samkvæmt nýlegum lögum um þjóðkirkjuna nr.77/2021 kemur fram í 2.gr. að þjóðkirkjan ráði starfi sínu og skipulagi innan lögmæltra marka. **Lögmælt mörk er varða þjónustu kirkjunnar kemur svo fram í beinu framhaldi í 3.gr. En þar segir í 1.mgr. Þjóðkirkjunni ber að halda úti vígðri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni.**

Sú stefnubreyting sem 8. mál felur í sér hefur ekki fengið umfjöllun í héraði.

ÞJÓNUSTUSKERÐING.

Hvert er markmið prestsetra?

Í skýrslu sem fasteignarnefnd kirkjubings lagði fyrir kirkjubing í október 2021 lagði nefndin til að prestsetur yrðu í prestaköllum þar sem íbúafjöldi í þéttbýli er undir 500 manns, eða þar sem landfræðilegar, sögulegar eða menningarlegar aðstæður réttlæta slíkt.

Ástæðan fyrir 500 manna viðmiðinu er erfiður fasteignamarkaður á fámennari stöðum. Í öðrum orðum; **prestsetrið er eina húsnæðið sem er í boði fyrir prestinn á svæðinu.**

Undirrituð þykja það augljóst að enginn prestur sækir um embætti þar sem ekkert húsnæði er í boði nema rándýrt, alltof stórt húsnæði og því mun þetta hratt valda mikilli þjónustuskerðingu á landsbyggðinni.

Þeim prestsetrum sem við eigum, í merkingunni kirkjan og þjóðkirkjufólk, vegna sögulegra eða menningarlegra aðstæðna fylgir oft vinnuframlag. Kirkjan verður að eiga húsnæði á ákveðnum stöðum til þess að halda þar úti þjónustu og koma í veg fyrir að prestar setjist að í nærliggjandi þéttbýli þar sem vegalengdir eru sumstaðar gríðarlegar.

Markmið prestsetra er að tryggja þjónustu um allt land. Kirkjubing þarf að vinna að því að gera það eftirsóknarvert að sækja um störf á landsbyggðinni svo að sú þjónusta leggist ekki af.

MARKAÐSLEIGA? MEÐALHÓFSREGLA ÞVERBROTIN MEÐ MÖRGHUNDRUÐ PRÓSENTA HÆKKUN HÚSALEIGU FRÁ 1. JÚLÍ N.K.

Undirrituð hafa kannað það hjá sveitafélögum og fasteignasölum hver markaðsleiga er á þeirra svæði. Að meðaltali var markaðsleiga um 1500 kr. pr. fermetri, en var þó allt að 2000 kr á fm²

Flest prestsetur eru um 250-350 fermetrar að stærð.

Dæmi:

300fm x 1000kr = 300.000 kr

200fm x 1200 kr = **240.000 kr**

250fm x 1500kr = 375.000 kr

300fm x 2000kr = **600.000 kr**

Af þessum tölum má sjá að ganga á fram með mörg hundruð prósentu hækkun á húsaleigu presta þar sem meðalhöfsregla er þverbrotin. Ekki heldur gerir málið ráð fyrir því að virða samningsstöðu presta sem leigendur eins og húsaleigulög gera ráð fyrir. Heldur er gert ráð fyrir að framkvæmdarstjóri og framkæmdarnefnd kirkjuþings ákvarði einhliða húsaleigu/afgjald og taki við af kirkjuþingi sem hefur hingað til haft sanngirnissjónarmið að leiðarljósi. Nú þegar greiða nokkrir prestar húsnæðishlunnindaskatt eins og vera ber og því þarf ekki að hækka húsaleigu til að fara að lögum. Hita- og rafmagnskostnaður fyrir svo stór húsnæði sem prestssetrin eru, er gríðarlegur á landsbyggðinni (allt að 80.000-100.000 kr. á mánuði sumstaðar). Einnig er bent á að hér er um að ræða húsaleigu lægst launuðu presta landsins, og má því spyrja sig hvort þetta sé ekki kjaramál og því rétt að samtal ætti sér stað á milli kirkjuþings og kjarafulltrúa Prestafélags Íslands? Til eru hugtök eins og óhagnaðardrífín leiga, markaðsleiga og okurleiga. Þetta mætti kirkjuþing kynna sér. Það er þó aðeins notað um húsnæði sem einungis er leigt sem heimili en ekki þjónustuhús einnig.

VIÐHALD FASTEIGNA KIRKJUNNAR.

Mikil viðhaldsþörf er á mörgum fasteignum Þjóðkirkjunnar. Mörg prestssetur halda varla veðri og vindum eða leki og raki hefur gert vart við sig. **Treystir fjárhagsnefnd sér til þess að tryggja fjármagn á næstu mánuðum til að koma öllum fasteignum kirkjunnar í þannig ástand að það standist kröfur hins almenna leigumarkaðar þann 1. júlí n.k er markaðsleiga skal komið á?**

Ef markmið þess að hækka leigu á prestsetrum upp úr öllu valdi er að standa undir viðhaldskostnaði skal á það bent að þegar Kirkjujarðasamkomulagið var undirritað var gert ráð fyrir ákveðinni upphæð í Prestsetrasjóð, til viðhalds fasteigna. Það var því aldrei gert ráð fyrir að prestar á prestssetrum geiddu markaðsleigu, heldur einmitt að prestssetrin þyrfti meðgjöf þar sem um þjónustuhúsnæði væri að ræða. Árið 1998 voru þetta um 40 milljónir á ári, sem væri í dag miðað við uppreiknað verð um 122 milljónir á ári. Tryggja þarf að þessir fjármunir fari áfram í viðhald prestsetra. (Í dag fer stór hluti þess fjármagns sem gert er ráð fyrir í viðhald fasteigna í viðhald Skálholtskirkju og fleiri fasteigna þar og hefur það bitnað á öðrum fasteignum kirkjunnar).

Á þeim svæðum þar sem gert er ráð fyrir prestsetri er víða gert ráð fyrir skrifstofu og starfsaðstöðu prests á prestssetrinu. Ef málið fær framgang þarf einnig fjármagn til að breyta því þar sem prestssetur verða ekki lengur prestssetur með starfsaðstöðu heldur útleigð á almennum markaði. Getur verið að undirliggjandi markmið hér sé að selja allt eignarsafn kirkjunnar?

PRESTSSETRIN AFLÖGÐ MEÐ ÞVINGUNUM.

Undirrituð eru sammála um það að ef leigan hækkar uppí markaðsleigu verður ekkert til lengur sem hægt er að kalla prestssetur. Verði málið samþykkt er verið að leggja niður öll prestssetur og gera þau að útleiguingum til hámarksgróða fyrir kirkjuna, sem yrði þá rekið eins og hvert annað fasteignafélag á markaði. Þegar aðalhlutverki prestsetra er tekið af þeim, þ.e að þjóna nærsamfélagi með prestsþjónustu, nærveru, sýnileika, þátttöku í samfélaginu þá hverfa þau með öllu. 8. Mál, nái það fram að ganga, er í raun að leggja til að afnema prestssetur með öllu þó það sé látið líta út að nokkrar eignir standi eftir, með strípað hlutverk.

All margir prestar sem þetta undirrita sjá sér ekki fært að búa lengur í prestssetrum kirkjunnar verði málið samþykkt. **Þeir munu flytja út af prestssetrinu og jafnvel neyðast til að segja upp störfum sínum eða sinna þeim úr fjarlægð þar sem ekkert annað húsnæði er í boði.**

Í einhverjum tilfellum hafa undirrituð kost á því að kaupa annað húsnæði á svæðinu, en það er ekki víst að það sama eigi við þegar embætti er auglýst eftir þeirra tíð.

Eitt sláandi dæmi:

Einn prestur benti á að hækki leiguverð á prestsetrinu á hans svæði upp í markaðsverð muni hann ekki sjá sér fært að búa þar áfram. Ekkert húsnæði annað væri í boði á svæðinu og því ljóst að hann myndi flytja í þéttbýliskjarna með hraðari eignamyndun en það yrði líklega um og yfir 200 km fjarlægð aðra leið. Myndi hann halda áfram að sinna prestakallinu. Í kjarasamningi presta er svo tiltekið að vinnuskylða er 36 tímar á viku og þar með væri líklega hægt að dvelja á hóteli í tvær nætur og fylla upp í kjarasamningsbundna vinnuskyldu á þrem dögum. Þetta yrði klár þjónustuskerðing og engum til framdráttar.

NIÐURSTAÐA

Af öllu ofangreindu má ljóst vera að 8. mál kirkjupings 2022-23 er mun stærra en það virðist í fyrstu. Þetta er án efa byrjunin á mikilli breytingu á þjónustu við landsbyggðina og niðurlagningu og sölu allra fasteigna, jarða og húsa þjóðkirkjunnar. Með því er ekki farið vel með arf kynslóðanna. Kirkjupingsfólk er hvatt til þess að stíga varlega til jarðar og hugsa málið til enda. Einnig er bent á að hér er um að ræða húsaleigu lægst launuðu presta landsins, og má því spyrja sig hvort þetta sé ekki kjaramál og því rétt að samtal ætti sér stað á milli kirkjupings annars vegar og kjaramálafulltrúa Prestafélags Íslands og Fræðagarðs hins vegar?

Undirrituð mótmæla harðlega þeirri stefnubreytingu sem 8. mál felur í sér fyrir þjónustu kirkjunnar á landsbyggðinni, fyrir skilgreiningu á hlutverki prestssetra og fyrir kjaramál presta.

Aðalsteinn Þorvaldsson
Alfreð Örn Finnsson
Anna Eiríksdóttir
Arna Grétarsdóttir
Arni Þór Þórsson
Bryndís Valbjarnardóttir
Brynhildur Óladóttir
Dagur Fannar Magnússon
Elína Hrunn Kristjánsdóttir
Erla Björk Jónsdóttir
Gísli Gunnarsson
Hafdís Davíðsdóttir
Hildur Björk Hörpudóttir
Hildur Inga Rúnarsdóttir
Ingimar Helgason
Jarþrúður Árnadóttir
Jón Ármann Gíslason
Jóna Kristín Þorvaldsdóttir
Kristján Arason
Oddur Bjarni Þorkelsson
Sigríður Kristín Helgadóttir
Sigríður Rún Tryggvadóttir
Sigurður Ægisson
Þuríður Björg Wíium Árnadóttir